

ur í Mjólkursamsöluna hér, það sem hún ekki notar fyrir sitt eigið heimili, og svo til Málleysingjaskólans. Þá er það og upplýst, að hún samkvæmt samningum við ríkisstjórnina selji skólanum allt handa nemendum, svo sem fæði, þjónustu og rúmfatnað fyrir umsamið verð á dag. Innifalið í fæðinu er að sjálfsögðu nokkur hluti þeirrar mjólkur, er gerðarþoli framleiðir. En þar sem hér er ekki að ræða um sjálfstæða sölu hinnar framleiddu mjólkur, þá verður ekki talið, að þessi ráðstöfun mjólkurinnar falli undir þau ákvæði fyrrgreindra laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., sem fyrirskipa framleiðanda mjólkur greiðslu verðjöfnunarsjóðsgjalds.

Af ofangreindu þykir verða að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ekki fara fram.

Föstudaginn 3. júní 1938.

Nr. 62/1937 **Réttvísín** (Eggert Claesen)
gegn

**Ólafi Sveinssyni, Lilju Júlíusdóttur,
Júlíusi Einarssyni og Ingibjörgu Guð-
mundsdóttur** (Garðar Þorsteinsson).

Brenna og hlutdeild.

Dómur hæstaréttar.

Upplýsingar, sem fengnar hafa verið eftir uppkvaðningu héraðsdóms í máli þessu, hafa leitt það í ljós, að nágreppi húss þess, er í var kveikt, stafaði ekki hætta af brennu þess, að innanstokksmunir og húshelmingur hinna ákærðu hjóna Ólafs Sveinssonar og Lilju Júlíusdóttur voru séreign konunnar samkvæmt kaupmála dags. 3. sept. 1933, að innanstokks-

munir hinna ákærðu hjóna Júlíusar Einarssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur voru séreign konunnar samkvæmt kaupmála 6. des. 1929, að hluti þeirra hjóna Júlíusar og Ingibjargar í húsinu er þinglesinn á nafn konunnar, að fasteignamat hússins er kr. 6000.00, og jafnt metinn hluti hvorra hinna ákærðu hjóna, að húsið allt var brunatryggt fyrir kr. 12000.00, að innanstokksmunir hvorra nefndra hjóna voru brunatryggðir fyrir kr. 4000.00 og loks, að innanstokksmunir Ólafs og Lilju hafa, eftir því sem næst hefir orðið komizt, verið metnir á nálægt kr. 2600.00, en innanstokksmunir Júlíusar og Ingibjargar nálægt kr. 2750.00.

Samkvæmt prófum málsins verður ekki talið nægilega sannað, að ákærða Ingibjörg Guðmundsdóttir hafi gert annað eða meira en að láta brennuáform hinna annara ákærðu afskiptalaus, og þykir því verða að sýkna hana af kærum og kröfum réttvisinnar í máli þessu.

Brot hinna ákærðu Ólafs Sveinssonar, Lilju Júlíusdóttur og Júlíusar Einarssonar, sem eftir atvikum gátu haft ástæðu til að skilja afskiptaleysi meðákærðu Ingibjargar sem samþykki hennar á brennuáformum þeirra, varða við 2. mgr. 283. gr. almennra hegningarlaga, og að því er til ákærðu Lilju og Júlíusar tekur sbr. við 49. gr. sömu laga, og með því að fallast má á ákvörðun héraðsdómsins um refsingu þessara þriggja ákærðu, ber að staðfesta hann að því leyti.

Talsmaður tveggja hinna ákærðu í héraði mótmælti skaðabótakröfu þeirri, er í dómnum greinir. Með því að ekki er gerð nægileg grein fyrir þessari kröfu, verður ekki um hana dæmt í máli þessu, og verður því að vísa henni frá héraðsdómi.

Ákærður Ólafur og Júlíus voru í gæzluvarðhaldi frá 1.—4. nóv. 1936 og ákærða Lilja frá 2.—3. s. m. Ber þeim hverju fyrir sig að greiða varðhaldskostnað sinn. Málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, kr. 20.00, greiði ákærðu Ólafur og Lilja in solidum, og málsvarnarlaun síns talsmanns, kr. 20.00, greiði ákærði Júlíus Einarsson. Annan sakarkostnað í héraði greiði hin þrjú sakfelldu in solidum. Svo greiði öll hin þrjú sakfelldu allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Ingibjörg Guðmundsdóttir á að vera sýkn af kærnum og kröfum réttvisinnar í máli þessu.

Um refsingu hinna ákærðu Ólafs Sveinssonar, Júlíusar Einarssonar og Lilju Júlíusdóttur á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Skaðabótakröfunni vísað frá héraðsdómi.

Hin sakfelldu greiði hvert sinn varðhaldskostnað. Ákærðu Ólafur og Lilja greiði in solidum málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, cand. jur. Jóns N. Sigurðssonar, kr. 20.00, og ákærði Júlíus málsvarnarlaun talsmanns síns, Jóns Jóhannessonar, kr. 20.00. Að öðru greiði öll hin sakfelldu sakarkostnað í héraði in solidum. Svo greiði öll hin sakfelldu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir

hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Garðars Þorsteinssonar, kr. 150.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 21. apríl 1937.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn þeim Ólafi Sveinssyni, Lilju Júlíusdóttur, konu hans, og Júlíusi Einarssyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur, konu hans, öllum á Siglufirði, fyrir brot gegn ákvæðum 28. og 26. kafla hinna almennu refsilaga.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

1. nóv. s. l. kom upp eldur í húsinu Ránargötu 6 B Siglufirði, sem ákærðar, Lilja Júlíusdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir, eiga. Hafði verið bréfhrúga og bækur í geymluherbergi í norðaustur enda hússins, þar sem Ólafur Sveinsson bjó. Hafi Ólafur verið að drekka kaffi í eldhúsinu, og einn gestur verið þar inni að drekka kaffi með. Er Ólafur hafði drukkið einn balla af kaffi, fór Ólafur út úr eldhúsinu og út í geymsluherbergið. Tók hann upp eldspýtur úr eldspýtnakassa, sem hann hafði í vasa sínum, kveikti á eldspýtunni og fleygði henni í bréfahrúguna á gólfinu í geymsluherberginu, og fuðraði þá strax upp í hrúgunni. Fór Ólafur síðan strax burt úr geymsluherberginu, lokaði hurðinni að herberginu og fór svo aftur inn í eldhúsið og fékk sér annan bolla af kaffi og drakk hann. Hafði hann eftir á orðið mjög skelkaður og utan við sig út af þessu og beðið með óþreyju inni í eldhúsinu, unz nágrannakona hafi komið inn í húsið og kallað, að kviknað væri í húsinu. Kveður Ólafur Júlíus Einarsson hafa verið því samþykkan, að kveikt væri í húsinu. Hafi þeir Ólafur og Júlíus fyrir um ári síðan áður en bruni varð talað fyrst um að kveikja í húsinu og um 3—4 vikum fyrir brunann hafi Júlíus (sic) minnst á það við Júlíus að fyrra bragði að „sviða það af“. Ólafur kveðst og í haust hafa átt tal um það við Lilju Júlíusdóttir, konu sína, „hvort maður ætti ekki að láta húsið fara“. Hafi hún gefið lítið út á það, en jankað þó við því án þess að tala um þetta nánar, og tók Ólafur það sem samþykki.

Sjálfur kveður Júlíus, að Ólafur hafi vakið máls á því, að réttast væri að kveikja í húsinu, og Júlíus svarað, að það væri ef til vill rétt.

Hafi verið talað um, að Ólafur skyldi kveikja í sinni hæð. Hafi þeir Ólafur og Júlíus verið óánægðir með húsið og talað um, að hentugt mundi að kveikja í geymluherberginu, sem kveikt var í, en ekkert ákveðið, hve nær skyldi kveikja í húsinu. Um þátttöku konu sinnar, Ingibjargar Guðmundsdóttur, telur Júlíus það eitt, að hann hafi fyrir páska 1936 minnzt á það við hana, að Ólafur ætlaði að kveikja í húsinu. Gaf hún ekkert út á það, en hann kveðst oft hafa átt tal við konu sína um þessa ikveikju og varað hana við, að hún skyldi viðbúin henni, enda viðurkennir Ingibjörg, að Júlíus Einarsson, maður hennar, hafi um eða fyrir páska 1936 minnzt á það við sig, að kveikt mundi í húsinu, og Ólafur mundi gera það. Hún skyldi ekki vera hrædd, heldur gæta sín og barna sinna, þrótt brunann bæri að og hann (Júlíus) væri ekki sjálfur viðstaddur. Kveðst Ingibjörg muna, að oft hafi verið talað um það milli hjónanna að kveikja í húsinu, og hún hafi ekki trúað því fyrir fullt og allt, að þeir gerðu það. Lilja Júlíusdóttir kveður mann sinn oft hafa minnzt á það við sig að kveikja í húsinu, en hún ekkert gefið út á það. Hafi hún talið það markleysu, og er Ólafur viku fyrir brunann hafi minnzt á ikveikju við sig, hafi hún sagt við Ólaf, að hún ætlaði ekkert að skipta sér af því og býst hún við, að Ólafur hafi tekið slíkt fyrir samþykki, þótt hún segði, að þetta væri vitleysa. Ekkert hafði Ólafur látið Lilju, konu sína, eða þau Júlíus og Ingibjörgu vita af, er hann kveikti í, en Lilja kveðst hafa grunað, er hún kom út í ganginn, að Ólafur hefði kveikt í, en ekki fyrr. Sjálfur kveðst Júlíus hafa verið hræddur um, að upp mundi komast um Ólaf. Hann myndi ekki kveikja svo í, að ekki kæmist upp um hann. Eftir að rannsókn málsins var lokið og talsmenn sökunauta höfðu lagt fram varnarskjöl sín, hefir Ólafur Sveinsson gengið frá sínum fyrri framburði og talið sig hafa játað á sig ikveikjuna fyrir fortölur yfirlögregluþjónsins. Hefir við þetta verið tekin aftur upp rannsókn á Ólafi og því, sem er í sambandi við hann, en ekkert upplýst, er gefi ástæðu til að ætla, að Ólafi Sveinssyni hafi verið sýnd nokkur hótun, og það því framar, sem sannað er, að dómarrinn

lagði ríkt á við Ólaf og alla sökunautana að segja satt og tók fram við þá alla, að hann vildi heldur, að þeir þrættu fyrir eitthvað, sem þeir hefðu gert, en þeir játuðu upp á sig nokkuð það, er þeir hefðu ekki gert.

Það verður því að telja sannað, að þeir Ólafur Sveinsson og Júlíus Einarsson hafi komið sér saman um að kveikja í húsinu, og að konur þeirra, Lilja Júlíusdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir, hafi með þögninni eða að minnsta kosti með óvirku afskiptaleysi samþykkt, að slíkt yrði gert, enda væri óeðlilegt, að Ólafur og Júlíus hefðu farið að kveikja í húsinu gegn eindregnum vilja eiginkvenna sinna, eigenda hússins, sem í er kveikt. Verður því að dæma Ólaf Sveinsson sekan um íkveikju í húsinu, en þau Júlíus Einarsson um hlutdeild, þar sem hann hafi haft ráðagerð um þetta við Ólaf, en þær Lilju Júlíusdóttir og Ingibjörgu Guðmundsdóttur um þá hlutdeild, sem felst í samþykki þeirra á því, að kveikt yrði í húsinu.

Ákærðu, sem komin eru yfir lögaldur sakamanna, hafa eigi sætt refsíðomi, nema Júlíus Einarsson var dæmdur í 2ja mánaða skilyrðisbundinn dóm (sic) fyrir brot gegn 12. og 18. kafla refsilaganna. Framangreind brot ber að álití dómssins að heimfæra undir 1. mgr. 283. refsilaganna, að því er snertir Ólaf Sveinsson, en sömu lagagrein sbr. við 48. gr. að því er snertir Júlíus Einarsson, en 1. mgr. 283. gr. sbr. 57. gr. refsilaganna að því er snertir þær Lilju Júlíusdóttur og Ingibjörgu Guðmundsdóttur, og þykir refsingin hæfilega ákveðin: fyrir Ólaf Sveinsson 2ja ára betrunarhúsvinna, fyrir Júlíus Einarsson 1 árs betrunarhúsvinna, en fyrir þær Lilju Júlíusdóttur og Ingibjörgu Guðmundsdóttur 8 mán. betrunarhúsvinna. Þó er að álití dómarans rétt, að refsing Lilju og Ingibjargar skuli frestað og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilyrði laga 39/1907 verða haldin og byggir dómarinn þetta á því, að ætla má, að hinar ákærðu, sem áttu enga virka hlutdeild í glæpnum, hafi að mjög verulegu leyti leiðzt út í að samþykkja íkveikjuna vegna aðstöðu sinnar til hinna ákærðu eiginmanna sinna og gátu álitíð hjónabandsgefú sinni og heimilífriði ella stefnt í hættu, og að þær hafi eigi verið óháðar um samþykki sitt. Einnig greiði þau öll in solidum kr. 295.00 til Bruna-bótafélags Íslands, skaða, er félagið hefir orðið fyrir við

brunann, og allan sakarkostnað, þar með 20.00 kr. til hvors talsmanna sinna.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Ólafur Sveinsson Siglufirði sæti 2ja ára betrunarhúsvinnu, Júlíus Einarsson Siglufirði sæti 1 árs betrunarhúsvinnu, en þær Lilja Júlíusdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir 8 mán. betrunarhúsvinnu, en refsing Lilju Júlíusdóttur og Ingibjargar Guðmundsdóttur skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin. Öll hin ákærðu greiði Brunabótafélagi Íslands in solidum kr. 295.00 fyrir tjón, er bruninn hefir valdið brunabótafélaginu. Svo greiði hin kærðu og málskostnaðarlaun (sic) til talsmanna sinna, Ólafur Sveinsson og Lilja Júlíusdóttir kr. 20.00 til talsmanns síns, Jóns Sigurðssonar lögfræðings, og Júlíus Einarsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir kr. 20.00 til talsmanns síns, Jóns Jóhannessonar málaflutningsmanns, og öll hin ákærðu greiði in solidum allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1938.

Nr. 126/1937. **Valdstjórnin** (Theodór B. Lindal)
gegn

Einari Sigurðssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Tollur af innlendri vöru.

Dómur hæstaréttar.

Í réttarprófum málsins er vörugerð sú, sem rannsóknin er risin út af, talin rekin af Vöruhúsi Vestmannaeyja h/f, sem virðist vera hlutafélag, en í